

Alþingi
Erindi nr. P 139/59
komudagur 4. 11. 2010

Hjördís Hákonardóttir
fyrrv. hæstaréttardómari
Vesturvallagötu 5
101 Reykjavík
hbha@simnet.is

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: þskj. 10—mál 10, 139. löggjafarþing. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991

Tillaga þingmannanna með framangreindu frumvarpi gengur þvert gegn þeirri hefð sem ríkt hefur hér á landi um verklag fjölskipaðra dóma. Hefðin er sú að dómurinn komi fram sameiginlega sem hlutlaus eining. Undantekning eru sératkvæði. Hugsunin að baki þessu er, að það sé rétturinn sem tali en ekki persónurnar sem í honum sitja, og að það styrki dóminn að fram sé sett ein niðurstaða en ekki þrjár, fimm eða sjö eftir atvikum.

Frumvarpið endurspeglar áhuga sumra lögfræðinga á að taka hér upp sama hátt við samningu dóma og tíðkast til dæmis í Bandaríkjunum og Noregi. Þá er atkvæði fjölskipaðs dóms þannig að hver dómari fyrir sig lýsir afstöðu sinni, tilgreinir hvort hann eða hún er sammála aðalatkvæði dóms og sé svo greinir þá jafnframt frá því orðalagi eða eftir atvikum rökstuðningi sem hann eða hún telur að ætti að vera öðruvísi. Sama gildir um sératkvæði sem fleiri standa að. Í slíku kerfi kemur þá fram afstaða hvers dómara fyrir sig með eigin áherslum og einnig hvaða dómari er aðalhöfundur atkvæðisins.

Dómarar ræða mál eftir dómþing og áður en atkvæði er samið. Þar eiga að fara fram umræður um staðreyndir og viðeigandi lagaheimildir með það að markmiði að dómarar leggi til málanna það sem þeir gleggst sjá og heyri framlag hvers annars. Hugsunin er að sameiginleg en ópersónuleg viska þeirra sé líklegust til þess að leiða til réttar niðurstöðu. Þess vegna eru dómar fjölskipaðir í erfiðari málum og í æðri dómi. Eins og áður sagði hefur verið litið svo á að

niðurstaða dóms, sem sjaldnast er gleðigjafi fyrir alla aðila málsins, sé sterkari og betra fordæmi ef lögð er áhersla á að dómara hafi sameiginlega komist að henni. Sú áhersla kemur meðal annars fram í því að ekki er verið að tilgreina þau skoðanaskipti eða meiningamun sem kann að vera til staðar. Af sömu ástæðum gildir sú óskráða regla að dómara skrifi dóma á skýru og einföldu máli og forðist eigin sérvisku í málfari sé hún til staðar, hugsunin hér er einmitt sú að dómurinn sé andlitslaus og þar með lögð áhersla óhlutdrægni hans.

Í reynd er það þannig að dómara komast almennt að sameiginlegri niðurstöðu um staðreyndir og lagarök, en kann þó að greina á um orðalag eða minni háttar efnisatriði. Næst þá oft niðurstaða með því að velja annað orðalag. Ef ágreiningurinn er meiri eða dómari telur rétt að standa á sínu, jafnvel þó að smátt sé, skilar hann sératkvæði.

Í sjálfu sér má halda því fram, eins og flutningsmenn frumvarps þessa gera, að því fylgi aukið gagnsæi að skoðanamunur dómara, stór sem smár, komi fram í dómi með því að hver og einn lýsi sérstaklega afstöðu sinni, eftir atvikum með rökstuðningi. Hitt er ljóst að þessi aðferð við að auka gagnsæi stangast á við þá hugmynd að rétturinn sem slíkur tali; mikilvægast hlýtur þó að vera að dómur séu skýrir.

Þar sem leitað hefur verið eftir afstöðu minni til frumvarpsins skal það tilgreint, að í sjálfu sér tel ég það ekki skipta meginmáli hvor leiðin er farin. Ég sé ekki að það sé réttindamál fyrir borgarana að sú breyting sé gerð sem lögð er til, eins og það hlýtur að vera réttindamál að komið verði á fót millidómstigi. Ég er þó hlynntari þeirri aðferð sem hingað til hefur verið viðhöfð og þeim rökum sem henni liggja að baki og lýst er hér að framan. Þá er rétt að benda á, að dómur eru torlesnari bæði fyrir lögfræðinga og almenna borgara þegar mörg álit eru birt í stað eins. Einnig liggur meiri vinna að baki slíkum starfsháttum þar sem hver og einn dómari mun þá finna hvata til þess, jafnvel telja að sér beri að lýsa sérstaklega eigin rökum eða blæbrigðum. Álag á dómstólana nú um stundir er gífurlega mikið eins og kunnugt er. Er þetta því varla rétti tíminn til þess að flækja starfið. Ef einungis yrði gerð sú breyting að fram kæmi hvaða dómari skrifaði atkvæði þá er hún smávægileg, en erfitt er að sjá að hún þjóni sérstökum eða mikilvægum tilgangi.

Reykjavík, 4. nóvember 2010


Hjördís Hákonardóttir